

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 9. september 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Netverks- og málnefndaping í Stokkhólmi í ágúst

Formaður greindi frá því sem fram fór á hinu árlega netverks- og málnefndapingi sem nú var haldið í Stokkhólmi 27.–29. ágúst í sumar. Eftir nýlega endurskipulagningu á norrænu málasamstarfi væri nú miklu minna fé veitt til norrænu málnefndanna. Síðasta ár hefur Ísland verið í forsvari fyrir samstarfsnet norrænu málnefndanna (*Netværket for sprognævnene i Norden*), Guðrún sem formaður og Jóhannes sem norrænn ritari. Á fundi samstarfsnetsins 27. ágúst var sagt frá ýmsum verkefnum sem tengdust því, til dæmis *Miniordbogen* (<http://miniordbok.org/>), *Nordisk termbase* og *Talebob* (<http://taleboblen.hi.is/omos>). Formaður sagði einnig frá nýju riti, *Guldtavlorna i gräset*, sem fjallar um sögu norræns málasamstarfs á vegum norræna ráðherraráðsins. Sjá má ritið hér: <http://www.sprakochfolkminnen.se/sprak/evenemang/nordiska-sprakmotet-2014/guldtavlorna-i-graset.html>. Samstarfsnet málnefndanna var ósátt við ýmsar niðurstöður ritsins, enda hafði það ekki fengið að sjá drög að ritinu áður en það var birt. Á málnefndapinginu sjálfu voru meðal annars haldin erindi um samhliða tungumálanotkun (da. *parallelsproglighed*) og *Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda* frá 2006, sjá hér: <http://www.norden.org/en/publications/publikationer/2007-746>.

### 2. Málræktarþing í nóvember og ályktun íslenskrar tungu 2014

Rætt var um skipulag fyrirhugaðs afmælistálfings ÍM í nóvember. Jóhannes ætlar að hafa samband við Mjólkursamsöluna um veitingar, tónlistaratriði, skreytingar og gerð málfingsmöppu. Stjórnarmenn voru beðnir að láta fyrirlesara senda þeim titil á erindi og útdrátt (um 250–300 orð) fyrir næsta fund stjórnar ÍM í október. Sigríður hefur pantað túlkapjónustu fyrir allt afmælistálfingið og einnig fyrir dagskrá ráðuneytis á degi íslenskrar tungu í framhaldi af því. Óskað verður eftir því við ráðuneyti að það taki þátt í kostnaði við þetta.

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu nú í ár fjallar um mál og mannréttindi. Reynt verður að nýta efni úr erindum fyrirlesara á afmælistálfinginu í ályktunina.

### 3. Skýrsla um efndir íslenskrar málstefnu

Ýmsir hafa verið beðnir um að kanna og gera grein fyrir því hverjar efndir hafa orðið á markmiðum málstefnunnar (*Íslenska til alls*) sem samþykkt var 2009. Gauti Kristmannsson og Gunnhildur Stefánsdóttir hafa til dæmis farið yfir hvað hefur áunnist á sviði þýðinga. Sigríður skilaði á fundinum yfirliti yfir hvað hefur áunnist á sviði íslensku sem annars máls. Hún sagði að ályktun ÍM frá í fyrra, sem fjallaði um stöðu íslensku sem annars máls, hefði haft mikil áhrif til góðs í þessum málum, til að mynda hjá Reykjavíkurborg.

Formaður hyggst draga saman það sem komið er og farið verður yfir það á næsta fundi. Stefnt er að því að skila skýrslu til ráðherra í október.

#### 4. Önnur mál

##### a) Óvenjuleg notkun há- og lágstafa

Þorbergur Þórsson hafði samband við ritara 12.8.2014 í síma og benti á óhefðbundna notkun há- og lágstafa í heitum. Stjórnin var sammála því að ritun eins og *ePóstur*, þar sem hástafur færi á eftir lágstaf inni í heiti, bryti í bág við íslenska stafsetningu en hins vegar væri ekkert í ritreglum sem beinlínis bannaði ritun eingöngu með hástöfum, t.d. *WOW*.

##### b) Þágufallssýki í skólum

Steinn S. Finnbogason hafði samband við ritara í tölvuskeyti 8.9.2014 og sagðist ráðþrota vegna tilhneigingar kennara til að nota „þágufall þegar vandaðra þykir að nota þolfall“. Steinn sendi í viðhengi skjal sem sýnir beygingu ýmissa sagna eins og *langa* sem hægt sé að prenta út sem veggspjald. Steinn leggur til að farið verði í átak þessu tengt. Sigríður sagðist hafa séð heimagerð veggspjöld í þessum anda í skólum. Málnefndin mun ekki beita sér í þessu máli.

##### c) Ný vefsíða ÍM

Jóhannes greindi stuttlega frá vinnu við nýja vefsíðu ÍM (sjá fg. stj. ÍM 6/2014, 4. lið b). Stefnt er að því að síðan verði tilbúin í tæka tíð fyrir málræktarþingið í nóvember.

##### d) Innlent efni í RÚV

Anna Sigríður greindi frá því að í vetrardagskrá RÚV væri meira af nýju íslensku efni en nokkurn tíma áður. Mikil áhersla væri lögð á barnaefni og innlenda framleiðslu. Stjórnin lýsti yfir ánægju með þetta.

##### e) Nýtt fernuflug MS

Nýtt þema fernuflugs MS, þ.e. textar á mjólkurfernum MS, er örnefni. Þetta efni var valið í samráði við stjórn ÍM (sjá fg. stj. ÍM, 1/2013, 5. lið) og var Hallgrímur J. Ámundason á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fenginn til að semja texta á fernurnar. MS hyggst bera drög að fernutextum undir stjórn ÍM.

#### Mál til bókar:

Ritari Málnefndarinnar svaraði í samráði við formann bréfi frá Jóni Björgvinssyni sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hafði framsent til nefndarinnar 9. apríl 2014. Jón kvartar í bréfinu yfir merkingum á ensku á skiltum Vegagerðarinnar og telur að slíkt brjóti í bág við lög nr. 41/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í bréfinu voru harmaðar tafir á svári til Jóns og afrit sent af bréfi ÍM til Vegagerðarinnar 18. september 2013 þar sem kvartað var yfir enskum texta á ljósaskiltum Vegagerðarinnar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.00.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.